

Ekki vinir í kaffitíma?
***Félagsleg þátttaka nemenda í diplómanámi fyrir fólk með
þroskahömlun innan Háskóla Íslands***

Rahel More

Lokaverkefni til BA-prófs í Þroskaþjálfafraeði
Leiðsögukennari: Guðrún V. Stefánsdóttir

Ípróttá-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild
Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2012

Ekki vinir í kaffitíma? Félagsleg þátttaka nemenda í diplómanámi fyrir fólk með þroskahömlun innan Háskóla Íslands.

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til BA-prófs við Íþróttá-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild, Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

© 2012 Rahel More

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Keflavík, Ísland 2012

Útdráttur

Rannsóknarskýrsla þessi er verkefni til BA-prófs við þroskaþjálfabraut Háskóla Íslands. Í skýrslunni er fjallað um félagslega þátttöku nemenda innan háskólans sem stunda diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun. Diplómanámið er starfstengt tveggja ára nám á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Þetta verkefni byggir á fræðileguum bakgrunni, meðal annars kenningum um fullorðinshlutverk og félagslíf fatlaðs fólks. Greint er frá háskólanámi fyrir fólk með þroskahömlun, bæði erlendis og hér á landi.

Til að kanna félagslega þátttöku þess hóps innan háskólans var framkvæmd eiginleg rannsókn sem fólst í fjórum þátttökuathugunum og tveimur opnum viðtölum. Þátttökuathuganir fóru fram í tveimur námskeiðum sem diplómanemendur sóttu ásamt ófötluðum nemendum á Menntavísindasviði. Þátttakendur rannsóknarinnar voru fimm einstaklingar með þroskahömlun, fjórar konur og einn karl. Könnuð voru samskipti milli diplómanemenda og samnemenda þeirra, bæði með og án fötlunar, en einnig samskipti milli diplómanemenda og kennara.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að félagsleg þátttaka diplómanemenda sé mjög einstaklings- og aðstæðubundin. Í ljós kom, að samskipti diplómanemenda við ófataðra samnemendur sína eru ólík fyrir, í og eftir kennslutíma heldur en í kaffitíma og utan skólans. Það var afar misjafnt hvort diplómanemendur töluðu mikið við samnemendur eða sögðust hitta þá utan skólans. Almennt voru góð samskipti diplómanemenda við samnemendur og kennara áberandi. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til að félagsleg þátttaka diplómanemenda í háskólanum mótist hvað mest af persónuleika hvers og eins. Jákvæð viðmót og góð móttaka ófataðra nemenda og kennara er þó mikilvæg undirstaða fullrar þátttöku diplómanemenda í háskólaumhverfinu.

Formáli

Rannsóknarskýrsla þessi er lokaverkefni til BA-prófs í þroskapjálfafræðum og hluti af grunnnámi mínu við Háskóla Íslands. Verkefnið fjallar um félagslega þátttöku nemenda með þroskahömlun innan háskólans. Ég kaus þetta viðfangsefni vegna þess að ég hef áhuga á möguleikum og aðstæðum fólks með þroskahömlun innan háskólans. Þegar ég byrjaði að huga að skrifum lokaverkefnis, kom fljótlega í ljós að mig langaði að rannsaka málefni sem tengist félagslífi fatlaðs fólks. Mér finnst félagslíf og mannleg sambönd vera einn mikilvægasti þáttur í lífi manna og ættu allir að geta notið hans á sömu forsendum. Auk þess hefur mín reynsla verið sú, að fatlað fólk býi oft við skerta félagslega þátttöku eða jafnvel félagslega einangrun, sem er ástæða til að bæta aðstæður.

Ég þakka þeim diplómanemendum sem tóku þátt í rannsókninni fyrir góða móttöku og gott samstarf, án þeirra hefði þetta verkefni ekki orðið til. Vil ég einnig þakka leiðsagnarkennara mínum, Guðrúnu Stefánsdóttur, fyrir góða leiðsögn og stuðning við skrif lokaritgerðar minnar. Fjölskyldu minni þakka ég fyrir að hafa stutt mig á marga vegu í gengum námsárin og gefið mér möguleika til að mennta mig á háskólastigi. Þakkir fá einnig Árný Lára og Árni sem lásu yfir lokaverkefnið mitt og gangrýndu skrifin á faglegan hátt. Árni, takk fyrir að hvetja mig áfram og hafa trú á mér.

Efnisyfirlit

Inngangur	6
1. Fræðilegur bakgrunnur	8
1.1 Fullorðinshlutverk og ólíkar skilgreiningar á fötlun	8
1.2 Samfélagsþátttaka og félagslíf fatlaðs fólks	11
1.3 Háskólanám fyrir fólk með þroskahömlun	13
1.3.1 Háskólanám fyrir fólk með þroskahömlun erlendis	15
1.3.2 Háskólanám fyrir fólk með þroskahömlun á Íslandi	17
1.3.3 Háskólanám fyrir fólk með þroskahömlun - félagslegi þátturinn... 18	
2. Aðferðafræði og framkvæmd rannsókna.....	20
2.1 Eigindlegar rannsóknir	20
2.2 Framkvæmd rannsókna.....	21
2.2.1 Þátttakendur, aðgengi og tengsl.....	21
2.2.2 Gagnasöfnun	22
2.2.3 Greining gagna.....	23
2.2.4 Siðferðileg álitamál.....	24
3. Niðurstöður rannsókna	26
3.1 Samskipti við samnemendur fyrir, eftir og í kennslutíma.....	26
3.2 Samskipti við samnemendur í kaffitíma og utan skólans.....	28
3.3 Samskipti við kennara og aðra fyrirlesara.....	29
4. Samantekt og hugleiðingar	31
Lokaorð.....	34
Heimildaskrá.....	35
Viðauki: Bréf til diplómanemenda	38

Inngangur

Menntun og félagslíf teljast grundvallarmannréttindi, en samt sem áður hefur fatlað fólk oft þurft að búa við skerta félagslega þátttöku á mörgum sviðum lífsins. Slík mismunun birtist ekki síst í skólakerfinu og lengi framan af 20. öld var þeirri stefnu fylgt að nemendur með fötlun ættu að vera í sér-deildum eða sérskólum, í stað þess að vera í bekk með jafnöldrum sínum. Í mörgum tilfellum leiddi þessi þróun skólakerfisins til þess að nemendum með fötlun fannst þeir vera útundan í sínum skóla, sérstaklega varðandi félagslíf. Voru fatlaðir nemendur til dæmis oft útilokaðir frá þátttöku í skólaferðalögum eða öðrum atburðum (Sigríður Einarsdóttir, 2003).

Á seinni hluta 20. aldar þróaðist stefna sem oft hefur verið kölluð „skóli án aðgreiningar“ og felst hún í þeirri sýn að nemendur með þroskahömlun eigi rétt á viðeigandi stuðningi sem gefur þeim tækifæri til að stunda nám í almennum skólum við hlið jafnaldra sinna, á öllum skólastigum. Þessi umræða hefur mest beinst að grunn- og framhaldsskólum undanfarin ár, en háskólanám fyrir fólk með þroskahömlun hefur ekki verið til umræðu fyrir en á allra síðustu árum, bæði hér á landi og erlendis. Starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun á Menntavísindasviði Háskóla Íslands hófst árið 2007 sem tilraunaverkefni og markar tímamót í skólasögu þess hóps (Guðrún V. Stefánsdóttir og Vilborg Jóhannsdóttir, 2011).

Í þessari ritgerð er fjallað um eigindlega rannsókn sem var framkvæmd til að kanna félagslega þátttöku diplómanemenda innan háskólans, en eins og áður var tekið fram, eru diplómanemendur einstaklingar með þroskahömlun sem stunda starfstengt diplómanám við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Mikilvægi rannsóknarinnar felst meðal annars í því að kanna ofangreint málefni og geta í kjölfarið stuðlað að aukinni félagslegri þátttöku diplómanemenda í háskólaumhverfi og samskiptum þeirra við bæði samnemendur og kennara. Spurt er hvort og með hvaða hætti diplómanemendur taki félagslegan þátt í daglegu umhverfi og félagslegum atburðum sem fram fara innan háskólans og einnig hvernig samskipti við samnemendur og kennara lýsa sér í og utan skólans?

Ritgerðin skiptist hér á eftir í fjóra meginkafla. Fyrsti kafli hefst á fræðilegri umfjöllun, þar sem talað er um fullorðinshlutverk og ólíkar skilgreiningar á fötlun. Enn fremur er sjónum beint að samfélagsþátttöku og félagslífi fatlaðs fólks og þar

á eftir fylgir almenn umfjöllun um háskólanám fyrir fólk með þroskahömlun. Síðan er komið nánar inn á félagslegan þátt háskólanáms fyrir fólk með þroskahömlun, sem er meginviðfangsefni ritgerðarinnar. Í öðrum kafla eru fjallað um aðferðafræði og framkvæmd rannsóknarinnar. Skrefum við framkvæmd hennar er lýst og einnig þátttakendum, tengslum rannsakanda við þá og aðstæðum við gagnaöflun. Fjallað er um vinnubrögð við úrvinnslu gagna og tekist er á við vangaveltur um siðferðileg vandamál sem mynduðust vegna rannsóknarinnar. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru kynntar í þriðja kafla og einkennast þær af þremur megin þáttum. Í fyrsta lagi beinast niðurstöður að samskiptum diplómanemenda við samnemendur, fyrir, eftir og í kennslutíma, í öðru lagi að samskiptum við samnemendur í kaffitíma og utan skólans og í þriðja lagi að samskiptum við kennara og aðra fyrirlesara. Fjórði og síðasti kafla ritgerðarinnar er samantekt og fjallar um hugleiðingar sem vöknudu hjá mér við úrvinnslu niðurstaðna. Að síðustu er að finna stutt lokaorð.

1. Fræðilegur bakgrunnur

Þessi kafli skiptist í þrjá megin hluta. Í fyrsta hluta er fjallað um skilgreiningar á fullorðinshlutverkum og ólíkan skilning á hugtakinu fötlun. Í öðrum hluta er sjónum beint að samfélagsþátttöku og félagslífi fatlaðs fólks og í síðasta hluta er fjallað um háskólanám fyrir fólk með þroskahömlun og fyrri rannsóknir á því málefni.

1.1 Fullorðinshlutverk og ólíkar skilgreiningar á fötlun

Fullorðið fólk er með ákveðin réttindi og skyldur í samfélaginu, sem eru ólíkar réttindum og skyldum barna og unglunga. Samkvæmt Arnett (2004), eru fyrstu fullorðinsárin tímabil í lífi einstaklinga sem þeir nýta oft til að prófa sig áfram á ýmsum sviðum, til dæmis í starfi og námi, en einnig í mannlegum samskiptum. Niðurstöður rannsóknar Arnett sýna meðal annars að ungt fullorðið fólk geti verið óákveðið og vilji kanna möguleika sína vel áður en það tekur endanlegar ákvarðanir varðandi framtíðina. Talað er um ákveðna „eigingirni“ og óvissu sem einstaklingar upplifa á þessu tímabili lífsins. Þeir vilja og geta leyft sér að kanna öll þau tækifæri og tilboð sem þeim bjóðast, án þess að skuldbinda sig um leið. Þetta á bæði við í starfi, til dæmis með því að prófa ólík störf og einnig félagslega, til dæmis með því að skuldbinda sig ekki í ástarsambandi og eignast nýja vini eða skipta jafnvel alveg um vinahóp.

Aðrir fræðimenn, eins og til dæmis Priestley (2003), halda því fram að hugtök svo sem fullorðinsár og fötlun séu einungis félagsleg fyrirbæri sem eru skilgreind út frá samfélaginu. Það að vera „fullorðinn“ tengist helst líffræðilegum aldri, en samfélagið setur fram ákveðnar kröfur varðandi sjálfstæði fullorðins fólks. Ef ákveðnir samfélagsþegar uppfylla ekki þær kröfur, er oft litið á þá sem ósjálfstæða og börn að eilífu. Þar með er samfélagsþátttaka þeirra einstaklinga skert, vegna þess að þeir eru ekki álitnir fullgildir fullorðnir meðlimir. Priestley fjallar um þann rétt fullorðins fólks að hafa vald á eigin lífi og taka eigin ákvarðanir, en fatlað fólk er hópur sem þarf, oftar en aðrir, að lifa við svokallaða valdskerðingu. Valdskerðing felst meðal annars í því að aðrir, til dæmis fagfólk eða aðstandendur, taki ákvarðanir fyrir hönd fatlaðs fólks. Fatlað fólk er þó ekki eini hópurinn í samfélaginu sem upplifir valdskerðingu vegna „ósjálfstæðis“ í þeim skilningi, aðrir sem búa oft við valdskerðingu eru til dæmis aldraðir, fátækir

einstaklingar og börn. Lengi hefur verið litið á fötlun sem „barnalegt“ einkenni og á fatlað fólk sem hjálparlaust, en þetta eru staðalímyndir sem fyrrnefndir hópar hafa einnig þurft að horfast í augu við. Í því samhengi má íhuga hvað felist í hugtakinu sjálfstæði í raun og veru. Birtingarform sjálfstæðis eru ólík, menning og samfélag móta þetta hugtak og virðist það vera eðlilegur hluti af lífi fullorðins einstaklings. En ef litið er á fatlað fólk sem börn að eilífu, hvernig getur það þá verið sjálfstætt samkvæmt þessari skilgreiningu? Mikilvægt er að huga að því að sjálfstæði geti birst á marga vegu, ekki eingöngu á hátt eins og að tjá sig án aðstoðar eða ferðast um án hjólastóls. Að vera sjálfstæður felst í því að ráða eigin lífsstíl, en margir einstaklingar þurfa stuðning til þess. Að fá aðstoð til að geta lifað sjálfstæðu lífi er ekki hjálparleysi, heldur tákni um sjálfsákvörðun. Fatlað fólk er ekki minna sjálfstætt en aðrir vegna þess að það fær aðstoð við ákveðnar athafnir daglegs lífs, en sjálfstæði þess hóps skerðist oft vegna samfélagsins eða ónægilegs stuðnings.

Nánast alla 20. öld var litið á fötlun út frá svokölluðum læknisfræðilegum skilningi, sem hefur verið ríkjandi á Vesturlöndum. Afleiðingar læknisfræðilegs skilnings birtust á neikvæðan hátt í lífi og aðstæðum fatlaðs fólks og má þar nefna að langt fram á 20. öld fór megin þjónusta við fatlað fólk fram á sólarhringsstofnunum. Fatlað fólk á sólarhringsstofnunum þurfti að búa við mikla valdskerðingu og lifði sínu lífi undir stjórn fagsfólks. Út frá þessum skilningi hefur verið litið á einstaklinga með fötlun sem einhverskonar fórnarlömb sem ber að „lækna“ (Rannveig Traustadóttir, 2006).

Til mótvægis við læknisfræðilega sýn á fötlun þróaðist svokallaður félagslegur skilningur. Megineinkenni félagslegs skilnings er að því er mótmælt að fötlun orsakist fyrst og fremst af líkamlegum eða andlegum skerðingum einstaklinga. Fötlun er álitin félagslegt fyrirbæri sem hefur móttast í sögu og samfélagi í gegnum tíðina. Umhverfið og aðrir félagslegir þættir í samfélaginu skapa fötlun einstaklings, en ekki skerðingin eða hann sjálfur (French og Swain, 2008). Út frá samfélaginu myndast ákveðnar hindranir sem skerða samfélagsþátttöku fatlaðs fólks og hópurinn verður fyrir mismunun. Hér er bæði átt við félagslegar og líkamlegar hindranir, til dæmis útilokun af almennri þjónustu eins og skólakerfinu eða aðgengi í byggingum. Þetta leiðir oft til félagslegrar einangrunar fatlaðs fólks og fækkar möguleikum þess og tækifærum (Rannveig Traustadóttir, 2003). Ef mér finnst ég til dæmis ekki vera velkomin á

veitingarstað vegna þess að ég kemst ekki þar inn í hjólastól eða ég skil ekki matseðilinn og enginn getur aðstoðað mig, er líklegt að ég komi ekki aftur á þann stað og þar með skerðist samfélagsþátttaka mín og félagslíf. Félagslegur skilningur á fötlun tengist mannréttindum fatlaðs fólks og gengið er út frá því að allir eigi fullan rétt til þátttöku á öllum sviðum samfélagsins. Gagnrýnt hefur verið að félagslegur skilningur á fötlun viðurkenni ekki áhrif skerðingar á líf fatlaðs fólks og taki ekki tillit til tilfinningarlegrar reynslu þess. Einnig hefur verið bent á að fötlun felist í samspili skerðingar og umhverfis, en myndist ekki eingöngu út frá samfélaginu (Rannveig Traustadóttir, 2003).

Velta má fyrir sér áhrifum læknisfræðilegs skilnings á samfélagsþátttöku fatlaðs fólks. Þar sem skerðingin sjálf er álitin hindra sjálfstæði fatlaðs fólks, yfir þessi sýn undir frekari aðgreiningu hópsins í samfélaginu. Þessi skilningur gerir það að verkum að litið hefur verið svo á að einstaklingar með fötlun séu ekki fullorðnir, vegna þess að þeir þurfa oft stuðning við ákveðnar athafnir dagslegs lífs. Ef þannig er á málið litið, er fólk sem fær einhverskonar aðstoð eða stuðning hvorki sjálfstætt né fullorðið. Samkvæmt þessum fullyrðingum, er ekkert fyrirbæri til í okkar samfélagi sem kalla má „fullorðið fólk.“ Í nútímasamfélagi eiga sér stað ákveðin verkaskipti sem birtast þannig að allir fá einhverskonar aðstoð og eru þar með háðir öðrum, sem gerir það að verkum að enginn einstaklingur er fullkomlega sjálfstæður. Auðvitað þarf fólk mismunandi og mismikinn stuðning, til dæmis telst tæknileg aðstoð yfirleitt ekki til þáttar sem hamlar sjálfstæði fólks. Stuðningur við daglegar athafnir sem kemur frá öðrum einstaklingum er aftur á móti yfirleitt skilgreindur sem umönnun og þjónustupegar þar með sem ósjálfstæðir og hjálparlausir. Þetta er afar flókin umræða sem er undir fjölda ólíkra áhrifa, meðal annars áhrifum samfélagsins og menningar nútímans. Í raun og veru er má skilgreina persónulega aðstoð sem samvinnuferli í samfélaginu, eins og önnur verkaskipti (Priestley, 2003).

Í rannsókn Lilju Össurardóttur (2010) um stöðu ungra kvenna með þroskahömlun í samfélaginu og sýn þeirra á það að vera fullorðin, kom meðal annars fram að staða ungs fólks með þroskahömlun er mjög ólík aðstæðum ófatlaðra jafnaldra. Þetta á við á sviði menntunnar, atvinnu og búsetu. Í rannsókninni er fjallað um takmarkað framboð menntunnar á háskólastigi fyrir fólk með þroskahömlun hér á landi, sem leiðir til frekari aðgreiningar einstaklinga með þroskahömlun frá jafnöldrum sínum. Þetta undirstrikar að ungt fólk með

þroskahömlun hafi ekki jöfn tækifæri til að sinna fullorðinshlutverkum á sama hátt og jafnaldrar þeirra. Til dæmis getur ungt fatlað fólk oft ekki prófað sig áfram í lífinu eins og aðrir á þeim aldri og þetta hefur áhrif á félagslíf þess samkvæmt Arnett (2004).

1.2 Samfélagsþátttaka og félagslíf fatlaðs fólks

Eins og hefur komið fram í fyrri rannsóknum (Hall, 2010; Johnson, Mason og Withers, 2003; og Simpson og Price, 2010) hefur fatlað fólk oft ekki nægilega marga möguleika til félagslífs og fullgildrar samfélagsþátttöku. Lengi hefur sá hópur þurft að upplifa mismunun, einangrun og ofbeldi á mörgum sviðum lífsins, þrátt fyrir að jákvæðar breytingar í málefnum fatlaðs fólks hafi átt sér stað á síðustu árum. Á meðan ákveðnir þættir í lífi fólks með þroskahömlun hafa hægt og rólega breyst til hins betra, eins og til dæmis búsetumál, benda önnur atriði enn til mismununar. Eitt þeirra er skert félagslíf einstaklinga með þroskahömlun, sem er afleiðing skertrar samfélagsþátttöku þess hóps. Þess vegna leita sumir einstaklingar með fötlun úrræða „utan samfélagsins“ til félagslegrar þátttöku, en nánar er sagt frá þessu ferli hér á eftir (Hall, 2010).

Samkvæmt Hall hafa aðallega atvinna og félagslífs fólks áhrif á fullgilda samfélagsþátttöku. Í vestrænum löndum hafa mótast samfélagslegar stefnur sem höfðu það að markmiði að efla þátttöku og félagslíf einstaklinga með þroskahömlun en með tímanum hafa þær stefnur sýnt takmarkaðan árangur. Það hafa skapast fleiri möguleikar fyrir þennan þjóðfélagshóp, en það sem hefur þó hamlað árangri slíkra stefna er að fólkið hefur oft ekki haft nægilega mikinn sjálfsákvörðunarrétt til að ráða eigin lífsstíl. Það hefur ekki upplifað valdeflingu vegna þess að það hefur ekki haft reynslu af því að taka eigin ákvarðanir varðandi félagslíf sitt (Hall, 2010). Hugtökin sjálfsákvörðunarréttur og valdefling eru umdeild vegna þess að hver og einn er með ólíkar skoðanir á því hvað persónulegt „vald“ felur í sér. Í stuttu máli má segja að valdefling sé sú hugmynd að öðlast meiri stjórn á eigin lífi. Valdefling er fjölbreytt og á sér meðal annars stað í félagslegu umhverfi og mannlegum samskiptum. Með því að öðlast valdeflingu í gegnum persónulegar upplifanir og eigin ákvarðanir, eykst hugsanlega sjálfstraust manns sem er hvetjandi fyrir fleiri sjálfstæðar ákvarðanir. Sjálfsákvörðun og valdefling tengjast því að mörgu leyti. Valdefling felst í því að efla eigið vald, en hún er ákveðið persónu- og aðstæðubundið ferli. Til að geta tekið eigin ákvarðanir

og eftir vald sitt, er nauðsynlegt að vera meðvitaður um eigin réttindi og að ákveða á eigin forsendum og samkvæmt eigin þörfum og óskum. Segja má, að valdefling sé leið til sjálfsákvörðunar (Hanna Björg Sigurjónsdóttir, 2006).

Hall (2010) fjallaði einnig um það með hvaða hætti samfélagið ætlaðist til þess að fólk með þroskahömlun lifði eins „eðlilegu“ lífi og hægt var. Það átti að taka þátt í samfélaginu eins og aðrir, en vandamálið var að fatlað fólk fékk oft ekki nægilegan stuðning til þess. Kröfur samfélagsins um að fatlað fólk lifi „eðlilegu lífi“ tengist hugtakinu „normaliseringu.“ „Normalisering“ felst í því að fatlað fólk tekur eðlilegan þátt í athöfnum daglegs líf og reynir að aðlaga sig að samfélaginu (Nirje, 1980). Áhersla er lögð á lífsstíl og getu einstaklinga, en ekki á það að breyta samfélaginu og viðhorfum þess. Til lengri tíma litið getur sú stefna ekki verið árangursrík vegna þess að fólk með þroskahömlun getur ekki endalaust staðist kröfur samfélagsins án þess að fá viðeigandi stuðning. Margir einstaklingar með þroskahömlun vilja ekki eða geta ekki komið til móts við væntingar samfélagsins. Þeir upplifa sig oft sem „hina“ og finnast þeir ekki tilheyrja samfélaginu (Hall, 2010).

Í samfélaginu á sér stað stöðugt mat einstaklinga út frá því sem þykir „eðlilegt“, „gott“ og „fallegt.“ Slíkt mat fer fram á öllum sviðum lífsins, við metum til dæmis líkama okkar út frá hæð, þyngd og kyni til að kanna hvort við séum „eðlileg“ eða þá of þung, of lítil, ekki nógu kvenleg eða karlmannleg. Vandinn liggur ekki hjá fötluðu fólki, heldur myndast hann út frá því hvernig samfélagið skilgreinir og metur það sem er „eðlilegt“ sem aftur verður til þess að fatlað fólk sé stimplað sem afbrigðilegt og óeðlilegt. Slík norm hafa verið til lengi og vísindamenn ýttu undir þessa ímynd með því að þróa stöðluð greindarpróf sem flokka einstaklinga í hópa eftir svokallaðri greindarvísitölu og „andlegum aldri.“ Löngun fólks til að vera sem eðlilegast miðað við fjöldann og hefur haft áhrif á hvernig fatlað fólk hefur verið sýnt í fjölmiðlum, sögum og bíómyndum. Fyrir utan birtingu óraunhæfra ímynda af fötluðu fólki í þeim miðlum, sendir þetta ákveðin skilaboð til samfélagsins. Sögupersónur reyna til dæmis oft að „komast yfir“ fötlun sína til að verða „eðlilegri“, en þetta skapar mynd af fötlun sem óæskilegu einkenni (Davis, 2010).

En hvernig upplifa þeir einstaklingar sig, sem teljast „óeðlilegir“ og falla ekki í normið? Þeir fá á sig ákveðinn stimpil eða „stigma“ af samfélaginu. Með því að flokka fólk félagslega og setja á það stimpil, er ýtt undir mismunun og

fordóma. Áhugavert er að velta fyrir sér hvers vegna það er æskilegt að tilheyra ákveðnum hópum í samfélaginu, en óæskilegt að tilheyra öðrum. Allir eru ólíkir, engar tvær manneskjur eru eins, en það sem veldur stigma samfélagsins er hræðsla einstaklinga við að vera öðruvísi, að falla ekki inn í heildina. Stigma er breytilegt hugtak eftir tíma og menningu vegna þess að það sem telst æskilegt í þjóðfélaginu okkar, telst ekki endilega æskilegt í annarri menningu eða á öðrum tíma (Coleman Brown, 2010).

Þetta útskýrir að hluta til af hverju fatlað fólk finnur sér oft önnur úrræði til félagslífs heldur en aðrir, sem hafa ekki fengið þennan félagslega stimpil. Sú tilfinning að tilheyra ekki samfélaginu tengist félagslegri einangrun, en þess vegna reynir fólk sem hefur fengið á sig stimpil eða í öðrum orðum, upplifað stigma, oft að finna staði þar sem það tilheyrir ákveðnum æskilegum hópi og getur tekið fullan þátt í því félagslífi sem þar fer fram. Listsköpun er aðeins eitt dæmi af mörgum um slík úrræði, en í rannsókn Halls (2010) er sagt frá því hvernig einstaklingar með fötlun taka þátt í listsköpun og umhverfistengdri starfsemi og upplifa þar með að vera hluti af heild. Þátttakendur í slíkri starfsemi eru oftast stoltir af sínu hlutverki og því að tilheyra hópi þar sem fólk lítur á þá þætti sem sameina hópinn, frekar heldur en þá sem aðgreinir það frá hvort öðru. Ef „hinir“ í samfélaginu líta ekki á sjálfa sig sem öðruvísi heldur sem hluta af hópi sem þeim finnst æskilegt að tilheyra, getur myndast ákveðin „við-tilfinning“ (Hall, 2010). Þetta fyrirbæri kemur einnig fram í rannsóknum sem gerðar hafa verið um félagsleg áhrif háskólanáms á fólk með þroskahömlun. Flestum nemendum sem tóku þátt í þeim rannsóknum fannst merkilegt að vera hluti af ákveðnu samfélagi (Hart, Grigal, Sax, Martinez, o.fl., 2006; Guðrún V. Stefánsdóttir og Vilborg Jóhannsdóttir, 2011; og O'Brien, Shevlin, O'Keeffe o.fl., 2009). Háskólasamfélagið er því greinilega æskilegur hópur sem getur framkallað þessa „við-tilfinningu“ hjá einstaklingum.

1.3 Háskólanám fyrir fólk með þroskahömlun

Eins og kom fram í síðasta kafla, má skilgreina nám, atvinnulíf og félagstengsl fólks sem fullorðinshlutverk (Arnett, 2004). Samkvæmt Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1948, nánar tiltekið 26. grein sem fjallar um menntun, eiga allir rétt til menntunar. Í sömu grein segir að starfs- og sérmenntun skuli standa öllum til boða og að háskólamenntun skuli vera öllum aðgengileg á

hæfnisgrundvelli (Mannréttindaskrifstofa Íslands, e.d.). Þetta þýðir hugsanlega að fatlað fólk verði að sýna fram á sömu hæfni og ófatlað fólk til að geta sótt háskóla, en ekki er fjallað um einstaklingsbundinn stuðning sem gæti gefið fötluðu fólk kost á að stunda háskólanám á jafnari forsendum. Á þessum tíma 20. aldar er ekki líklegt að reiknað hafi verið með fötluðu fólk sem háskólanemendum, sem gæti verið ástæða þess að réttur allra til háskólanáms er illa skilgreindur í Mannréttindayfirlýsingunni og hún fjallar ekki um sérstök stuðningsúræði fyrir fatlað fólk.

Sameinuðu þjóðirnar gerðu samning um réttindi fatlaðs fólks árið 2007 og í 24. grein samningsins er ákvæði um réttindi fatlaðs fólks til að njóta menntunar án mismunar og á sömu forsendum og aðrir. Það er sérstaklega tekið fram að þetta eigi við um öll skólastig. Aðildarríki verða að tryggja að fatlað fólk fái viðeigandi stuðning í almenna menntakerfinu. Í lok 24. greinar má finna eftirfarandi mikilvægu setningu: „*Aðildarríkin skulu tryggja að fötluðu fólk sé gert kleift að hefja almennt nám á háskólastigi og að það fái aðgang að starfsþjálfun, fullorðinsfræðslu og símenntun án mismununar og til jafns við aðra*“ (Velferðarráðuneytið, e.d.).

Í svokallaðri Salamanca-yfirlýsingunni sem Ísland samþykkti árið 1994, er sérstaklega fjallað um nám fyrir „nemendur með sérþarfir.“ Sú yfirlýsing ítrekar meðal annars rétt allra til menntunnar sem greint er frá í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna frá 1948 og Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks frá 2007. Í Salamanca-yfirlýsingunni er aðallega talað ná, fatlaðra barna, en einnig um samfélag án aðgreiningar almennt. Í skjalinu er einnig fjallað um að auka námsframboð fyrir nemendur með fötlun og að framkvæma rannsóknarverkefni til að þróa betri skóla án aðgreiningar (UNESCO, 1994). „Skóli án aðgreiningar“ felst í þeirri sýn að nemendur með þroskahömlun eigi rétt á viðeigandi stuðningi sem gerir þeim kleift að stunda nám í almennum skólum við hlið jafnaldra sinna, á öllum skólastigum. Salamanca-yfirlýsingin hefur haft mikil áhrif á nám án aðgreiningar á Íslandi, sérstaklega í grunn- og framhaldsskólum, en undanfarið ekki síst á þann möguleika fólks með þroskahömlun að stunda háskólanám (Guðrún V. Stefánsdóttir og Vilborg Jóhannsdóttir, 2011).

Fatlað fólk á semsagt rétt til háskólanáms, eins og aðrir, en oft eru lög og reglugerðir um mannréttindi einungis góðar tillögur sem verða síðar að veruleika.

Þess vegna er áhugavert að kynna sér þá menntunarmöguleika á háskólastigi sem eru í boði fyrir einstaklinga með þroskahömlun víðar um heiminn. Hér á eftir er fjallað um háskóla sem bjóða upp á sérstakt nám fyrir nemendur með þroskahömlun. Í upphafi er lýst þremur mismunandi líkönum háskólamenntunar fyrir fólk með þroskahömlun sem fræðimenn hafa fjallað um í Bandaríkjunum, en síðan er stuttlega greint frá háskólanámi fyrir þann hóp í Trinity College í Dublin á Írlandi, til að gefa lesendum breiðari mynd af háskólanámi fyrir fólk með þroskahömlun almennt. Þessum lýsingum fylgir kafli um diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun á Íslandi. Þar sem félagslegur þáttur háskólanáms er meginviðfangsefni ritgerðarinnar, er sagt sérstaklega frá þeim þætti í samantekt á niðurstöðum rannsókna sem hafa verið framkvæmdar í ofangreindum háskólum.

1.3.1 Háskólanám fyrir fólk með þroskahömlun erlendis

Í Bandaríkjunum er útskrift úr framhaldsskóla stórt skref í lífi ungs fólks, en þegar einstaklingar með þroskahömlun og aðstandendur þeirra kanna hverjir möguleikar taki við eftir þennan áfanga, er háskólanám oftast ekki augljós möguleiki. Þar sem háskólaupplifunin er mikilvæg fyrir ungt fólk í tengslum við félags- og atvinnulíf, sjálfstæði, sjálfstraust og sjálfsákvörðun, er nauðsynlegt að nemendur með þroskahömlun fái betri aðgang að háskólum. Fræðimenn hafa skilgreint þrjár hugsanlegar leiðir til framkvæmdar háskólamenntunar fyrir fólk með þroskahömlun í Bandaríkjunum sem hafa þróast mikið á undanförunum árum. Hver og ein þessara menntunarleiða felur í sér ólíkan stuðning, misjafna þjónustu og mismikla félagslega þátttöku (Hart, Grigal, Sax, Martinez, o.fl., 2006).

Fyrsta gerðin kallast „blandaða líkanið“ eða „mixed/hybrid model.“ Í þessari gerð háskólamenntunar felst þátttaka nemenda með þroskahömlun í félagslífi háskólans og kennslutímum með bæði fötluðum og ófötluðum samnemendum. Oftast er slíkt nám starfstengt og undirbýr nemendur vel fyrir það að fara út á atvinnumarkað eftir útskrift (Hart, Grigal, Sax, Martinez, o.fl., 2006). Þessi gerð menntunnar er líkust háskólanámi fyrir fólk með þroskahömlun á Íslandi, sem fjallað er um í næsta kafla.

Annað líkan er „aðgreinda líkanið“ eða „substantiallay seperate model“ þar sem einstaklingar með þroskahömlun eru eingöngu í tímum með öðrum nemendum með þroskahömlun, en ekki með ófötluðum nemendum. Helsta viðfangsefni kennslunnar eru athafnir daglegs lífs. Stundum eiga nemendur með

þroskahömlun möguleika á að taka þátt í félagslífi háskólans, en það er hugsanlegt að þeir fari eingöngu í vettvangsnám, sem er hluti af náminu, hjá fyrirtækjum sem eru í samstarfi við háskólann og þar með er framtíðaratvinnumarkaður þeirra takmarkaður (Hart, Grigal, Sax, Martinez, o.fl., 2006).

Þriðja gerðin er kölluð „einstaklingsstuðningslíkanið“, eða „inclusive support model.“ Sú menntunarleið felst í því að nemendur með þroskahömlun fái þjónustu sem er í samræmi við persónulegar þarfir og óskir þeirra í námi og starfi. Grunnur námsins liggur þó ekki í háskólaumhverfi, heldur í notendastýrðri þjónustu og einstaklingsnámskrá nemenda, sem býður ekki upp á sömu félagslegu möguleika og nám í almennu háskólaumhverfi (Hart, Grigal, Sax, Martinez, o.fl., 2006).

Ofannefnd líkön eru ólík í uppbyggingu og framkvæmd, fólk með þroskahömlun í Bandaríkjunum eldra en 18 ára hefur þessa valmöguleika varðandi framhaldsnám á háskólastigi. Eins og áður var fjallað um, er þó ekki alengt að fólk þekki sína valkosti. Oftast er slík þjónusta aldursbundin, henni líkur þegar nemendur hafa náð ákveðnum aldri. Sjaldgæft er hinsvegar að háskólanemendur með þroskahömlun eigi kost á að upplifa þá reynslu að búa á stúdentagörðum á meðan á námi stendur, en flestir háskólanemendur í Bandaríkjunum eru í slíkri búsetu á sínum námstíma. Flestir einstaklingar með þroskahömlun þar hafa stundað nám samkvæmt þriðju gerð háskólamenntunar hér að framan, en í dag eiga sér stað miklar breytingar á þessu sviði sem leiða til þess að fleiri nemendur með þroskahömlun geta stundað nám í almennum háskólum, sem gefur kost á beinni þátttöku í háskólalífi (Hart, Grigal, Sax, Martinez, o.fl., 2006).

Í „Trinity College“ í Dublin á Írlandi tengist háskólanám fyrir fólk með þroskahömlun ákveðnum réttindabakgrunni, sem byggist á lögum sem fjalla um að nemendur með fötlun eigi rétt á skólavist í sama skóla og jafnaldrar þeirra. Nám án aðgreiningar á Írlandi hefur þróast mikið á grunn- og framhaldsskólastigi, en nám fyrir fólk með þroskahömlun á háskólastigi er ekki enn lögbundið. Grunnhugmyndin er sú að einstaklingar með þroskahömlun fái tækifæri til að upplifa samfélagsþátttöku á þann hátt að vera með fötluðum og ófötluðum samnemendum í bekk og fái sömu menntun og aðrir, aðlagða að persónulegri getu hvers og eins. Háskólanám fyrir fólk með þroskahömlun í Trinity College í Dublin er tveggja ára nám sem samanstendur af ólíkum námskeiðum. Nemendur

með þroskahömlun hafa að einhverju leyti tækifæri til að sækja námskeið með ófötluðum nemendum (O'Brien, Shevlin, O'Keeffe o.fl., 2009).

1.3.2 Háskólanám fyrir fólk með þroskahömlun á Íslandi

Á Íslandi hófst starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun árið 2007, byggir á námsumhverfi án aðgreiningar og er í samræmi við almenn mannréttindi. Hugmyndafræði bakvið námið tengist félagslegum skilningi á fötlun, það er litið á hana sem félagslegt fyrirbæri en ekki persónulegan „galla“ fólks. Markmið diplómanámsins er meðal annars að bæta líf og aðstæður fatlaðs fólks (Guðrún V. Stefánsdóttir og Vilborg Jóhannsdóttir, 2011).

Söguleg þróun náms án aðgreiningar hefur verið svipuð hér á landi og erlendis, fatlað fólk hefur síðastliðin ár haft meiri möguleika á að taka virkan þátt í samfélaginu, meðal annars með því að mennta sig í almenna skólakerfinu við hlið fatlaðra og ófatlaðra samnemenda. Til að byrja með stunduðu einstaklingar með þroskahömlun helst sambærilegt nám með jafnöldrum sínum í grunnskóla, en seinna hófst umræða um framhaldsskólanám fyrir fólk með þroskahömlun. Oftast stunda framhaldsskólanemendur með þroskahömlun nám á svokölluðum „starfsbrautum“, sem eru sérnámsbrautir framhaldsskóla. Þetta hefur haft þau áhrif að unglingar með þroskahömlun upplifa oft félagslega einangrun í sínum skólum. Eftir framhaldsskólanám er það oft háskólinn sem tekur við í okkar samfélagi, en háskólanám fyrir einstaklinga með þroskahömlun hefur ekki verið mikið til umræðu fyrr en á allra síðustu árum. Háskólanám fyrir fólk með þroskahömlun á Menntavísindasviði Háskóla Íslands, er skilgreint sem tilraunverkefni sem fylgt var eftir með eigindlegri rannsókn. Um þessa rannsókn er fjallað nánar hér á eftir, þar sem hún greinir meðal annars frá félagslegum árangri námsins fyrir nemendur (Guðrún V. Stefánsdóttir og Vilborg Jóhannsdóttir, 2011).

Diplómanáminu er skipt í fjögur misseri, þar sem nemendur með þroskahömlun sækja bæði námskeið með og án ófatlaðra samnemenda. Námsleiðin felur í sér skyldu- og valnámskeið, sem eru í samræmi við starfsvettvang nemenda. Til að bjóða upp á einstaklingsbundinn stuðning í náminu, fengu nemendur með þroskahömlun svokallaða „mentora“, samnemendur sem aðstoða þá félagslega og námslega eftir þörfum (Guðrún V. Stefánsdóttir og Vilborg Jóhannsdóttir, 2011).

1.3.3 Háskólanám fyrir fólk með þroskahömlun – félagslegi þátturinn

Eiginlegar rannsóknir hafa verið framkvæmdar til að kanna árangur háskólanáms fyrir fólk með þroskahömlun. Niðurstöður þeirra rannsókna voru að mörgu leyti samhljóða, sérstaklega varðandi félagslega þáttinn. Þetta á einnig við um íslenska diplómanámið. Meðal annars leiddu rannsóknir í ljós að langflestir einstaklingar með þroskahömlun í háskólanámi höfðu öðlast meira sjálfstraust á námstíma, kynnst nýju fólk og eignast jafnvel góða vini sem þeir hittu í og utan skólans. Margir þeirra stunduðu tómsundur með vinum sem þeir höfðu kynnst í skólanum, þeim var til dæmis boðið í afmæli eða matarboð hjá skólafélögum. Nemendur höfðu orðið virkari í samskiptum við samnemendur og almenn félagsfærni þeirra hafði aukist í flestum tilfellum, bæði við samnemendur með og án fötlunar. Samskiptanet fólks með þroskahömlun í háskóla stækkaði yfirleitt, sem leiddi til stærri vinahóps. Annar þáttur sem fram hefur komið í rannsóknum er sá að nemendum með þroskahömlun í almennum háskólum fannst þeir vera líkari ófötluðum jafnöldrum sínum heldur en áður, þeir litu frekar á þætti sem þeir áttu sameiginlega með jafnöldrum heldur en þætti sem aðgreindu þá. Upplifunin að vera í háskóla og tilheyra ákveðnu samfélagi reyndist almennt mjög mikilvæg, margir nemendur voru stoltir af því að vera í háskólanámi. Sjálfsmynd nemenda með þroskahömlun var oftast betri en fyrir upphaf háskólanáms, flestir þeirra stunduðu félagslíf í boði háskóla eða nemendafélaga og tóku þátt í félagslegum atburðum eins og til dæmis íþróttum (Hart, Grigal, Sax, Martinez, o.fl., 2006; Guðrún V. Stefánsdóttir og Vilborg Jóhannsdóttir, 2011; og O'Brien, Shevlin, O'Keeffe o.fl., 2009).

Komið hefur í ljós að háskólanám fyrir fólk með þroskahömlun hefur jákvæðar félagslegar afleiðingar fyrir það sjálft og einnig fyrir aðra háskólanemendur. Það myndast greinilega góð vinatengsl og félagslíf nemenda eykst töluvert. Áhugavert er einnig hversu mikilvægt það er fyrir nemendur að tilheyra háskólasamfélaginu. Þetta er í samræmi við rannsókn Halls (2010) um félagslega þátttöku fólks með þroskahömlun, eins og greint var frá hér að framan. Hall fjallaði meðal annars um mikilvægi þess að vera hluti af stærri heild og tilheyra ákveðnum hópi. Í ofangreindum rannsóknum er þó ekki fjallað ítarlega um félagsleg samskipti nemenda með þroskahömlun við samnemendur og kennara í kennslutímum, frímínútum og utan skólans, en þetta eru þættir sem ég kannaði í rannsókn minni. Að mínu mati felst mikilvægi rannsóknar minnar í því

að skoða félagslega þátttöku einstaklinga ítarlega þannig að það gefst vonandi tækifæri til að bæta aðstæður þeirra með því að endurskoða félagslega möguleika og stuðning innan háskólans. Í víðara samhengi skapar jákvæð félagsleg þróun innan háskólans jafnari tækifæri fyrir fatlað fólk í samfélaginu, sem auka í kjölfarið fullgilda samfélagsþátttöku þess hóps.

2. Aðferðafræði og framkvæmd rannsókna

Í þessum kafla er lýst þeim aðferðum sem eru notaðar í rannsókn sem framkvæmd var til samhliðar þessu verkefni. Í stuttu máli er fjallað um eigindlegar rannsóknir almennt, en síðan um framkvæmd rannsókna um félagslega þátttöku nemenda í diplómanámi fyrir fólk með þroskahömlun innan háskólans.

2.1 Eigindlegar rannsóknir

Þetta verkefni felst meðal annars í að framkvæma eigindlega rannsókn og vinna úr niðurstöðum hennar. Eigindlegar rannsóknaraðferðir hafa það að markmiði að skilja ákveðin málefni út frá sjónarmiði fólksins sem tekur þátt í rannsókninni. Rannsakandi reynir að kanna skoðanir og upplifanir þátttakenda, en hafnar alhæfingum og því að það sé einungis til einn sannleikur eða sjónarhorn. Reynsla og daglegt líf fólks skipta máli í rannsóknnum af þessu tagi. Annað sem er einkennandi fyrir eigindlegar rannsóknir er umhverfið sem þær fara fram í, en það á að vera náttúrulegt umhverfi þátttakenda í stað rannsóknarstofu eða annars uppsetts umhverfis. Mikilvægt er að gefa sér góðan tíma í eigindlegar rannsóknir og kynnast vel aðstæðum og þátttakendum til að skilja betur þeirra sjónarmið og skoðanir. Í eigindlegum rannsóknnum eru öll fyrirbæri skoðuð með tilliti til ytri áhrifa, rannsakandi gerir sér til dæmis grein fyrir eigin áhrifum á niðurstöður rannsóknarinnar. Rannsakandi gengur ekki út frá ákveðnum niðurstöðum í upphafi rannsóknar, heldur lætur hann rannsóknina þróast út frá sjónarhornum þátttakenda (Esterberg, 2002).

Eigindlegar rannsóknir byggja á gagnasöfnun og frekari úrvinnslu. Sem dæmi má nefna þátttökuathuganir sem eru skráðar og er síðan unnið úr, en samtímis þarf rannsakandi að meta hvort frekari gagnaöflun sé nauðsynleg og hvernig hún eigi að fara fram (Taylor og Bogdan, 1998). Ég kaus að framkvæma eigindlega rannsókn til að kanna félagslega þátttöku diplómanemenda í háskóla, vegna þess að ég vildi fylgjast með þeim við náttúrulegar aðstæður og taka síðan stutt viðtöl við þá, til að fá sem raunsæjasta heildarmynd með tilliti til ólíkra sjónarmiða.

2.2 Framkvæmd rannsókna

Með hjálp eigindlegrar rannsóknar sem ég framkvæmdi vegna lokaverkefnis míns, vildi ég kanna með hvaða hætti nemendur í diplómanámi fyrir fólk með

Þroskahömlun taka félagslegan þátt í háskólaumhverfinu. Framkvæmd rannsóknarinnar fólst í eftirfarandi skrefum. Leit að þátttakendum, undirbúningi gagnaöflunar, söfnun gagna og greiningu þeirra. Í þessum kafla er skrefum við framkvæmd rannsóknarinnar lýst. Ákveðin siðferðileg álitamál mynduðust vegna rannsóknarinnar og er fjallað um þau í kaflanum.

2.2.1 Þátttakendur, aðgengi og tengsl

Þátttakendur rannsóknarinnar voru eins og áður segir nemendur í diplómanámi fyrir fólk með þroskahömlun, sem sóttu tvö mismunandi námskeið á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Umsjónarmaður diplómanámsins hafði samband við nemendur í þessum tveimur námskeiðum og fékk leyfi þeirra til að ég gæti fylgst með þeim í kennslutímum og frímínútum. Leiðbeinandi minn samdi bréf sem var sent á nemendurna, en bréfið má finna í lok ritgerðarinnar. Ég ætlaði sjálf að biðja einn diplómanemanda úr hverju námskeiði um viðtal við lok þátttökuathugana. Þegar ég bað viðmælendur úr báðum námskeiðum um viðtal, buðu flestir nemendur sig fram, en að lokum fór val viðmælanda eftir því hver hafði tíma. Í rauninni valdi ég ekki ákveðna nemendur í viðtölin, heldur var þetta meira eða minna tilviljun.

Í námskeiði A voru þátttakendur tveir talsins, en í námskeiði B var fjöldi þátttakanda þrír. Þátttakendurnir úr námskeiði A voru konur í kringum þrítugt, en í námskeiði B voru þátttakendurnir tvær konur og einn karl á þrítugsaldri. Diplómanemendurnir í námskeiði A voru aðeins eldri en flestir samnemendur þeirra, en í námskeiði B voru diplóma- og aðrir nemendur á svipuðum aldri.

Tengsl mín við þátttakendur voru engin í upphafi rannsóknarinnar, en staða mín gangvart þeim var hlutverk rannsakanda, en ég var einnig jafningi vegna þess að ég er yngri eða á svipuðum aldri og þátttakendur og stunda nám við sama svið háskólans. Rannsóknin fór því fram á jöfnum grundvelli. Sem rannsakandi geri ég mér grein fyrir því að persónulegar skoðanir mínar og reynsla hafa haft áhrif á rannsóknina og þátttakendur. Ég viðurkenni að ég get aldrei verið fullkomlega hlutlaus og að mín sjónarmið hafa áhrif á úrvinnslu og niðurstöður rannsóknarinnar. Eins og algengt er í eigindlegum rannsóknum, skoðaði ég ekki eingöngu þátttakendur, heldur einnig tengsl þeirra við þætti í umhverfinu, en ég sem rannsakandi er einn þeirra þátta.

2.2.2 Gagnasöfnun

Við öflun gagna í rannsókninni nýtti ég mér tvær ólíkar aðferðir. Fyrst og fremst notaði ég þátttökuathuganir til að safna upplýsingum, en ég tók einnig opin viðtöl við tvo þátttakendur. Þátttökuathugun felst í því að nálgast upplýsingar í náttúrulegu umhverfi þátttakenda. Rannsakandi fylgist með þátttakendum á ákveðnum vettvangi, en stundum tekur hann þátt í þeim athöfnum sem þátttakendur stunda á meðan á athugun stendur. Hlutverk rannsakanda í þátttökuathugunum er aðallega að fylgjast vel með öllum atburðum sem eiga sér stað og skrá ítarlega það sem fór fram í athuguninni. Það er meðal annars mikilvægt að hann lýsi öllum samskiptum sem eiga sér stað, einnig þeim sem fara fram á milli rannsakanda og þátttakenda (Wolcott, 1999). Ég valdi þátttökuathuganir sem rannsóknaraðferð vegna þess að þær gefa kost á að kanna raunverulegar aðstæður þátttakenda í náttúrulegu umhverfi þeirra.

Opið viðtal er ákveðin gerð viðtals sem byggir á óformlegu samtali frekar en á hefðbundnu viðtali. Rannsakandi spjallar lauslega við þátttakendur og reynir þannig að safna upplýsingum um viðfangsefni rannsóknar. Áhersla er lögð á að kanna skoðanir, reynslu og upplifanir þátttakenda (Kvale og Brinkmann, 2009). Í rannsókninni minni notaði ég opin viðtöl sem aðferð, vegna þess að ég vildi kanna álit þátttakenda á viðfangsefni rannsóknarinnar á jöfnum grundvelli byggðum á óformlegu spjalli á forsendum þátttakenda.

Rannsóknin sem ég gerði um félagslega þátttöku diplómanemenda innan háskólans, fólst meðal annars í gagnasöfnun í gegnum fjórar þátttökuathuganir og tvö opin viðtöl, sem áttu að svara eftirfarandi rannsóknarspurningu: Með hvaða hætti taka nemendur í diplómanámi fyrir fólk með þroskahömlun félagslegan þátt í háskólaumhverfinu? Þættir sem ég skoðaði sérstaklega voru samskipti diplómanemenda við samnemendur sína og kennara, bæði í kennslutímum og frímínútum. Ég fylgdist með nemendum með þroskahömlun í tveimur námskeiðum á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Í hverju námskeiði framkvæmdi ég tvær þátttökuathuganir en þær fóru fram með stuttu millibili, vegna þess að það átti ekki að líða of langt á milli þeirra til að fá sem raunsæjasta mynd af aðstæðunum. Tekið var stutt opið viðtal við einn diplómanemanda úr hverju námskeiði. Gagnaöflun skiptist því í tvennt, framkvæmd þátttökuathugana og framkvæmd viðtala. Fyrsta þátttökuathugunin fór fram í námskeiði A, en ég fylgdist með þátttakendum í tíma og frímínútum í samtals tæplega þrjá

klukkutíma. Kennari námskeiðs A kynnti mig fyrst fyrir diplómanemendum, en síðan fyrir öllum nemendum í upphafi tímans. Ég sagði stuttlega frá viðfangsefni rannsóknarinnar. Önnur þátttökuathugunin átti sér stað þremur dögum eftir þá fyrri, en hún tók um það bil tvo klukkutíma. Viðtal við nemanda úr námskeiði A fór svo fram viku eftir seinni athugunina. Þegar ég fylgdist með nemendum í námskeiði B, fóru þátttökuathuganir fram með viku millibili, en hvor athugun tók um tvær klukkustundir. Viðtal við nemanda úr þessu námskeiði átti sér stað eftir fyrstu þátttökuathugunina í því.

2.2.3 Greining gagna

Við greiningu gagna vann ég úr skráningum úr þátttökuathugunum og viðtölum. Viðtölin voru auk þess tekin upp á band, þannig að ég gat skráð þau ítarlega eftir á, án þess að trufla flæði viðtala á meðan á þeim stóð. Við framkvæmd þátttökuathugana, skráði ég athugasemdir hjá mér, til að muna sem best eftir mikilvægum atriðum við úrvinnslu gagna eftir á. Eftir þátttökuathuganirnar reyndi ég ávallt að setjast niður og lýsa aðstæðum og athöfnum um leið, til að reyna sem minnst á áreiðanleika minnis.

Í upphafi gagnagreiningar, eftir skráningu, byrjaði ég á því að finna ákveðin þemu í lýsingum mínum. Ef ég gat fundið upplýsingar sem endurtóku sig stöðugt í gegnum allar skráningar einnar þátttökuathugunarinnar, skilgreindi ég þær sem þema og merkti það þema í ákveðnum lit á öllum þeim stöðum sem ég gat fundið það í skráningunum. Fyrst fór ég yfir gögn hverjar þátttökuathugunar fyrir sig, en síðan skoðaði ég allar fjórar sem heild og kannaði sameiginlega og ólíka þætti. Svipað ferli átti sér stað við úrvinnslu viðtala. Markmiðið var ekki að bera ólíkar upplýsingar saman, heldur að varpa ljós á svipaðar aðstæður út frá ólíkum, einstaklingsbundnum sjónarmiðum. Þemu sem voru áberandi í skráningum mínum eru:

- Samskipti diplómanemenda við samnemendur (bæði við aðra diplómanemendur og ófatlaða nemendur)
- Samskipti diplómanemenda við kennara
- Samskipti á milli annarra nemenda í námskeiðinu

Mér fannst mikilvægt að skoða einnig tengsl og samskipti á milli annarra nemenda í hverju námskeiði, vegna þess að þannig gat ég greint betur frá félagslegri þátttöku diplómanemenda með samnemendum.

2.2.4 Siðferðileg álitamál

Siðferðilegar vangaveltur við þessa rannsókn eru áhrif rannsakanda á þátttakendur og niðurstöður, samþykki þátttakenda og trúnaður og einnig ávinningur rannsóknar fyrir þátttakendur. Eins og greint var frá hér að framan, gætu persónulegar skoðanir mínar og upplifanir haft áhrif á heildarmynd niðurstaðna. Spurning er því, hversu raunhæfar niðurstöður eigindlegar rannsóknar eins og þessarar, geta verið. Nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir því að aðstæður sem fram koma í þessari rannsóknarskýrslu eru einstaklingsbundnar og túlkun þeirra byggir á persónulegum lýsingum rannsakanda og þátttakenda. Þar sem upplifun hvers og eins getur verið afar ólík og þátttakendur rannsóknarinnar voru fáir, er ekki hægt að færa niðurstöður yfir á aðra hópa og þær eru ekki til þess fallnar að alhæfa út frá þeim.

Samþykki þátttakenda fyrir þátttökuathugunum var í upphafi fengið í gegnum umsjónarmann diplómanámsins, sem hafði bæði samband við þátttakendur og kennara þeirra námskeiða sem athuganir fóru fram í. Áður en athuganir hófust, útskýrði ég stuttlega fyrir þátttakendum markmið og viðfangefni rannsóknarinnar og bað sjálf um leyfi til að fylgjast með þeim. Seinna bað ég einn diplómanemanda úr hverju námskeiði um stutt viðtal, en ég gerði grein fyrir nafnleynd og trúnaði við framsetningu niðurstaðna. Að því leyti er hægt að segja að þátttaka hafi verið frjáls ákvörðun diplómanemenda. Ég fékk upplýst samþykki hjá þeim nemendum sem ég tók viðtöl við, vegna þess að þar var um frekari einstaklingsbundnar upplýsingar að ræða heldur en við þátttökuathuganirnar. Ég greindi frá því að söfnuð gögn væru trúnaðarupplýsingar og ég myndi gæta nafnleyndar þátttakenda við úrvinnslu og framsetningu gagna.

Ávinningur rannsóknarinnar fyrir þátttakendur er siðferðilegt álitamál í þessu verkefni, vegna þess að hann er ekki mjög skýr. Þátttaka diplómanemenda var sjálfbodaðavinna, og viðmælendur í viðtölum gáfu sér tíma til að setjast niður með mér og ræða viðfangsefni rannsóknarinnar. Spurning er, hversu mikill ávinningurinn er fyrir þátttakendur rannsóknarinnar, þar sem þetta er lítil

rannsókn sem hefur ekki endilega mikil áhrif á þróun félagslegrar þátttöku einstaklinga með þroskahömlun innan háskólans.

3. Niðurstöður rannsóknar

Í þessum kafla er fjallað um niðurstöður rannsóknar um félagslega þátttöku diplómanemenda. Við úrvinnslu gagna komu fram ákveðin þemu og eru niðurstöður settar fram út frá þeim. Helstu þemu eru:

- Samskipti diplómanemenda við samnemendur fyrir, eftir og í kennslutíma
- Samskipti diplómanemenda við samnemendur í kaffitíma og utan skólans
- Samskipti diplómanemenda við kennara og aðra fyrirlesara

Eins og hér má sjá, er lögð áhersla á samskipti diplómanemenda við samnemendur og kennara. Þar sem ég fylgdist með fimm diplómanemendum í tveimur námskeiðum og tók viðtöl við tvo mismunandi aðila, eru niðurstöðurnar augljóslega mjög ólíkar, en ég reyni að lýsa þeim með því að greina á milli nemanda og námskeiða. Nemendur sem ég kys að kalla Andreu og Birnu í þessari rannsóknarskýrslu, sóttu námskeið A, en nemendurnir Dóra, Erla og Freysteinn voru í námskeiði B. Diplómanemendur sem ég tók viðtöl við voru Andrea úr námskeiði A, en Dóra úr námskeiði B.

3.1 Samskipti við samnemendur fyrir, eftir og í kennslutíma

Samskipti diplómanemenda við samnemendur fyrir, eftir og í kennslutíma voru mjög ólík í námskeiðunum sem þátttökuathuganir fóru fram í. Samskiptin voru þó einnig einstaklingsbundin og dagamunur á þeim.

Í námskeiði A var Andrea yfirleitt í meiri samskiptum við samnemendur heldur en Birna, en samskipti þeirra á milli voru ekki mikil í skólanum. Andrea spjallaði við samnemendur sína fyrir og eftir tíma, skipulagði sameiginlega verkefnavinnu og virtist vera mikil félagsvera. Birna talaði minna við aðra nemendur fyrir kennslustundir, hún heilsaði til dæmis engum nemanda nema Andreu. Aðrir nemendur heilsuðust þó heldur ekki endilega fyrir tíma og kvöddu ekki eftir kennslustundir, en þeir spjölluðu yfirleitt mikið saman fyrir og eftir tíma. Andrea og Birna mættu í bæði skiptin með þeim fyrstu, en þær settust framarlega í stofu á meðan aðrir nemendur kusu frekar að sitja aftarlega. Andrea og Birna sátu saman, en samnemendur settust ekki hjá þeim í upphafi tíma. Nemendur sem mættu of seint í tíma settust þó hjá þeim, en oft voru þá engin önnur sæti laus.

Nemendur kynntu verkefni í námskeiði A, Andrea og Birna höfðu unnið í mismunandi hópum sem áttu þá að kynna vinnu sína. Þær tóku þátt í umræðum sem mynduðust út frá eigin kynningum, en ekki í umræðum annarra hópa. Andrea tók ekki þátt í fræðilegri umfjöllun, en hún sagði nokkrum sinnum frá persónulegri reynslu í sambandi við námsefni. Birna aftur á móti tók meiri þátt í fræðilegri umræðu og gat bent samnemendum oftar en einu sinni á réttindi fatlaðs fólks í tengslum við viðfangsefni námskeiðsins. Í kennslutímum töluðu nemendur stundum lágt saman eða tóku þátt í gríni sem tengdist fyrirlestri. Andrea tók yfirleitt þátt í slíku og hló almennt mikið og virtist vera kát, en Birna tók ekki þátt í neinu gríni og spjallaði ekki heldur mikið við samnemendur sína þegar ég fylgdist með. Hún virtist almennt vera alvarlegri manneskja en Andrea.

Í viðtali við Andreu sagði hún mér að það gengi vel að kynnst samnemendum í námskeiðinu og einnig þokkalega að vinna verkefni með þeim. Samkvæmt henni er ekki mikið mál að finna tíma til að hittast í hópavinnu eða skipuleggja verkefnavinnu. Að hennar mati tók það smá tíma að kynnst samnemendum í upphafi námskeiðsins, en síðan hefði það bara verið allt í lagi. Andreu finnst bæði gaman að vera í tímum eingöngu með diplómanemendum og einnig í tímum með nemendum í öðrum námskeiðum, eins og þessu.

Í námskeiði B voru samskipti milli nemenda allt öðruvísi en í námskeiði A. Dóra og Erla spjölluðu yfirleitt saman fyrir og eftir tíma, en þær töluðu einnig oft við aðra samnemendur. Dóra talaði sérstaklega mikið við ófatlaða samnemendur þegar Erla var ekki nálægt. Freysteinn heilsaði mörgum nemendum þegar hann mætti á svæðið og margir heilsuðu honum. Samnemendur spjölluðu mikið við hann um íþróttir eða aðrar tómstundir fyrir og eftir tímann, sérstaklega aðrir strákar. Diplómanemendur í námskeiði B tóku þátt í allskonar gríni sem átti sér stað í bekknum. Þar sem Freysteinn var með persónulegan aðstoðarmann með sér, fóru samskipti stundum fram í gegnum aðstoðarmanninn. Flestir nemendur töluðu þó beint við Freystein. Diplómanemendurnir tóku aftur á móti ekki mikinn þátt í umræðum sem beindust að námsefni. Dóra og Erla voru oft í tölvu á meðan á kynningum eða fyrirlesturum stóð, en Freysteinn hlustaði oftast og sýndi samnemendum mikinn áhuga. Hann spjallaði af og til við samnemendur í kennslutíma.

Þegar hópavinna fór fram í þessu námskeiði, voru diplómanemendur saman í hópi, en þeir höfðu sjálfir valið hópinn sinn. Það var enginn ófatlaður samnemandi

með þeim. Samskipti innan hópsins voru góð og vinnan gekk vel. Við kynningu á hópavinnu setti hver hópur fram glærुकynningu, en hjá diplómanemendunum sá Erla um að setja upp glærुकynningu á skjá, en samnemandi aðstoðaði hana við tæknimál þegar eitthvað fór úrskeiðis í tölvunni. Freysteinn og Dóra stóðu hjá Erlu, en þau sögðu ekkert á meðan á kynningunni stóð, heldur sá Erla algjörlega um frásögn.

Í viðtali við Dóru tók hún fram að hún talaði mikið við samnemendur og væri enn að kynna þeim. Hún þekkti diplómanemendurna fyrir, en ekki aðra nemendur úr námskeiðinu áður en það hófst í janúar. Að hennar sögn var hún enga stund að kynna samnemendum. Dóra sagði að það væri ekkert mál að skipuleggja verkefnavinnu og finna tíma til að hittast vegna hennar.

3.2 Samskipti við samnemendur í kaffitíma og utan skólans

Í kaffitímum í námskeiði 1 fóru flestir nemendur yfirleitt niður í matsal og keyptu sér mat eða drykki. Diplómanemendurnir voru meðal þeirra sem fóru niður. Birna talaði yfirleitt ekki mikið við samnemendur sína í kaffitíma, en Andrea spjallaði við þá og einnig við mig. Hún tók þátt í allskonar gríni með samnemendum og hló mikið. Andrea heilsaði einnig nokkrum einstaklingum sem hún hitti í matsalnum og virtist þekkja mikið af fólki í skólanum. Diplómanemendur í námskeiði A sátu ekki hjá samnemendum í matsalnum í kaffitíma.

Ég upplifði einu sinni að Birna talaði við annan nemanda í kaffitíma, en samtalið virtist ekki ganga út frá henni sjálfri heldur frá samnemandanum sem spjallaði við hana. Þegar fleiri nemendur fóru saman niður í matsal eða upp í stofu, passaði Andrea yfirleitt upp á það að missa ekki af þeim og vera með þeim, en Birna virtist gæta þess að vera ekki of nálægt samnemendum sínum og labbaði frekar aðeins á undan.

Þegar ég tók viðtal við Andreu, sagði hún mér meðal annars frá félagslífi sínu í háskólanum. Hún sagði til dæmis að henni þætti gaman að stunda tómstundir sem eru í boði hjá nemendafélögum háskólans, eins og til dæmis árshátíðir. Að öðru leyti talaði hún um það að hún hefði gaman af því að fara í bíó, leikhús og út að borða, en hún gerir það stundum með vinum úr háskólanum, en einnig öðrum vinum. Henni fannst háskólanámið að einhverju leyti hafa áhrif á félagslíf sitt. Hún sagðist hafa eignast alvöru vini í náminu sem hún hittir stundum utan skólans.

Í námskeiði B voru ekki skipulagðir kaffitímar þegar það átti sér stað hópavinna, en það var sameiginlegur kaffitími þegar kennslan fór fram í formi fyrirlestra og kynninga. Nemendur fóru yfirleitt niður í matsal, en Dóra og Erla fóru ávallt saman og höfðu margt að segja við hvor aðra. Freysteinn var oftast á leiðinni með aðstoðarmanni sínum, en eitt skiptið settust diplómanemendurnir saman við borð í matsalnum á meðan aðrir samnemendur voru uppí stofu. Eitt sinn settust aftur á móti flestallir nemendur námskeiðsins við stórt borð í matsalnum, en þá fóru diplómanemendurnir upp án þess að tala við þá. Það átti sér þó stað smá spjall í kennslustofunni í kaffitíma, rétt áður en fólk fór niður eða stuttu eftir að nemendur komu upp.

Dóra sagði mér í viðtalinu að það væru lítil samskipti milli nemenda utan skólans, bæði í diplómanáminu og öðrum námskeiðum. Hún sagðist ekkert frekar langa til að kynnst samnemendum sínum betur, eignast fleiri vini eða hitta þá utan skólans. Ástæða fyrir þessu er að hennar mati að nemendur eigi engin sameiginleg áhugamál. Að lokum sagði hún þó, að diplómanemendurnir hittust stundum annarstaðar en í skólanum, en það væri afar misjafnt. Dóra hefur ekki farið á björkvöld, en hún tók fram að það væri vegna þess að hún drykki ekki áfengi. Hún sagðist þó vera að hugsa um að fara á árshátíð skólans.

3.3 Samskipti við kennara og aðra fyrirlesara

Í námskeiði A voru samskipti milli Birnu og kennara eða annarra fyrirlesara yfirleitt meiri en hjá Andreu og öðrum nemendum. Þær spjölluðu þó báðar af og til við kennarann, eins og aðrir nemendur námskeiðsins, meðal annars um verkefni og námsefni. Birna spjallaði yfirleitt stutt við kennarann fyrir og eftir kennslutíma eða jafnvel í upphafi kaffitíma.

Diplómanemendurnir hlustuðu ávallt vel á fyrirlestra eða annað sem kennarinn hafði að segja og voru ekki með opnar tölvur í tíma eins og margir aðrir nemendur. Í gestafyrirlestri komu fram atriði sem Birna glósaði og hafði greinilega einhverja skoðun á, vegna þess að hún leit oft á kennarann og kinkaði kolti til hans. Birna tjáði sig mikið í umræðum sem gengu út frá kennara eða fyrirlesara. Hún hafði almennt séð mikinn áhuga á kennsluefninu og hafði greinilega mikla þekkingu á því. Í viðtalinu kom fram að Andreu finnst samskipti við kennara ganga vel, hún sagðist alltaf geta leitað til kennara ef það væri eitthvað óljóst.

Í námskeiði B átti sér oft stað líflegt spjall við kennara fyrir og eftir kennslutíma, en einnig í frímínútum. Kennarinn grínaðist stundum, en Erla og Dóra tóku undir. Tvisvar gerði kennarinn smá grín sem beindist að diplómanemendunum, en þeir skildu ekki alveg grínið. Þrátt fyrir þetta tóku þeir þessu ekki illa. Freysteinn var ekki í jafn miklum samskiptum við kennarann og stelpurnar. Kennarinn talaði tvisvar sinnum við Erlu vegna verkefnavinnu, en hann minnti hana á skyldur nemenda og reglur í hópavinnu. Kennarinn tók fram að þetta væri áminning en ekki tiltal, en Erla virtist ekki taka þessu illa. Það kom þó í ljós að henni fannst hún bera mikla ábyrgð, en hún virtist vera bæði stolt og þreytt á því.

Að mati Dóru eru samskipti milli kennara og nemenda mjög góð, hún þekkti kennara námskeiðs 2 aðeins, en henni fannst hann alltaf verið tilbúinn að aðstoða hana ef þörf er á, eins og kom fram í viðtalinu.

4. Samantekt og hugleiðingar

Hér á eftir má finna samantekt helstu niðurstaðna rannsóknarinnar ásamt hugleiðingum sem vöknudu hjá mér í kjölfar gagnaúrvinnslu og framsetningu niðurstaðna. Rannsóknin leiddi í ljós að félagsleg þátttaka diplómanemenda getur verið mjög misjöfn, sem kom mér alls ekki á óvart. Félagslíf og félagsleg þátttaka fer mest eftir persónuleika fólks ásamt öðrum þáttum svo sem tímaskipulagi og aðgengi. Spurning er hvort ónægilegur sjálfsákvörðunarréttur hafi áhrif á takmarkaða félagslega þátttöku diplómanemenda í háskólaumhverfinu, en Hall (2010) fjallaði um þetta fyrirbæri í tengslum við félagslíf fatlaðs fólks almennt. Eins og hann sagði, hafa margir einstaklingar ekki upplifað valdeflingu í gegnum félagslíf sitt vegna þess að þeir hafa ekki reynslu af því að taka eigin ákvarðanir.

Þáttur sem kom mér svolítið á óvart við úrvinnslu gagna, voru misjafnlega nán sambönd milli diplómanemenda. Ég vissi að þeir þekktust úr öðrum námskeiðum og þess vegna fannst mér líklegt að þeir væru í nánara sambandi við hvern annan heldur en við ófatlaða samnemendur. Þetta átti þó einungis við í einu tilfelli, diplómanemendurnir Dóra og Erla voru greinilega miklar vinkonur og töluðu til dæmis mun meira saman en aðrir diplómanemendur. Dóra sagði þó í viðtalinu að samskipti og sambönd milli diplómanemenda væru ekki endilega meiri en samskipti við aðra nemendur, hún talaði til dæmis ekki um það að hún hitti Erlu oftár utan skólans en aðra nemendur.

Áhugavert var að fylgjast með samskiptum Freysteins við samnemendur og kennara, í fyrsta lagi vegna þess að hann var eini strákurinn í rannsókninni og í öðru lagi vegna þess að hluti samskipta hans fór fram í gegnum persónulegan aðstoðarmann. Í námskeiðinu sem Freysteinn sótti, voru margir aðrir strákar, sem töluðu saman á annan hátt en stelpurnar í því námskeiði, Dóra og Erla meðtaldar. Strákarnir heilsuðust yfirleitt, en ekki stelpurnar, en þeir töluðu mikið um tómstundir og íþróttir, á meðan stelpurnar töluðu mun meira um námið og skólann. Freysteinn spjallaði oft stutt við aðra stráka í námskeiðinu, bæði fyrir og í kennslutímum og upphafi kaffitímans, en hann sat þó ekki hjá samnemendum sínum í matsalnum frekar en aðrir diplómanemendur.

Rannsóknir hafa sýnt að vinátta karla og kvenna getur verið mjög ólík. Á meðan konur þrúa oft að láta hlusta á sig og ræða tilfinningar sínar, spjalla karlar helst um sameiginleg áhugamál, eins og til dæmis íþróttir. Oft hafa samskipti

kvenna og karla verið kölluð „andlit við andlit“ og „hlið við hlið“, sem á að vera lýsandi fyrir samtöl kvenna sem fara fram frá andliti til andlits og samtöl karla sem eiga sér stað hlið við hlið, oft á meðan á öðrum atburðum stendur (Berger, 2008). Þessi nálgun er áhugaverð vegna þess að ég fann ákveðinn kynjamun við samskipti nemenda. Þar sem einungis einn þátttakandi í rannsókninni var karl, getur þó vel verið að munur á samskiptum tengist persónuleika hans frekar en kyni.

Almennt virtust samskipti diplómanemenda við samnemendur vera góð, sérstaklega í kennslustofum. Spurning er, hvers vegna samskipti milli nemenda voru ekki jafn góð í matsalnum og af hverju þeir sátu til dæmis ekki saman þar. Hugsanleg ástæða gæti verið að nemendur komi frekar fram sem einstaklingar í kennslustofunni, en sem hópur í matsalnum. Þá myndast að minnsta kosti tveir hópar sem eru í litlum samskiptum við hvern annan, diplómanemendur og ófatlaðir nemendur. Einstaklingar þora kannski ekki að fara út fyrir hópinn sinn og setjast hjá öðrum, það er hugsanlega ákveðin hópamenning í matsalnum. Það gæti þó einnig verið að það myndist ákveðið „stigma“ vegna hópamenningar í kaffitíma, þar sem einstaklingar vilja aðgreina sig frá ákveðnum hópi sem þeim þykir ekki æskilegt að tilheyra í þeim aðstæðum, en þetta samræmist kenningum um stigma sem fræðimenn eins og Coleman Brown (2010) hafa fjallað um.

En hvernig væri hægt að bæta samskipti nemenda í matsalnum og í kjölfarið kannski einnig utan skólans? Hér kemur mögulega hlutverk mentora til sögu, sem mér fannst alls ekki vera áberandi í rannsókninni. Andrea og Dóra sögðu ekki heldur frá mentorum í viðtölum, þannig að það er ólíklegt að þeir hafi mikil áhrif á félagslíf þeirra innan háskólans. Spurning er hvort það þurfi að endurskoða þann félagslega stuðning sem nemendur með þroskahömlun fá í diplómanámi.

Samskipti diplómanemenda við kennara voru yfirleitt góð og á tiltölulega jöfnum grundvelli. Kennarar voru almennt vingjarnlegir og í góðum samskiptum við nemendur. Kennari námskeiðs B tók sér tíma til að ræða verkefnavinnu við diplómanemanda sem átti greinilega svólítið erfitt með hana, en kennarinn var kurteis og rólegur. Sami kennarinn gerði af og til grín af nemendum sínum, meðal annars diplómanemendum. Þeir skildu ekki alltaf grínið, en með því að taka þátt í þessu urðu þeir að einhverju leyti hluti hópsins.

Eins og kom fram í fyrri rannsóknum um háskólanám fyrir fólk með þroskahömlun (Hart, Grigal, Sax, Martinez, o.fl., 2006; Guðrún V. Stefánsdóttir

og Vilborg Jóhannsdóttir, 2011; og O'Brien, Shevlin, O'Keeffe o.fl., 2009), finnst flestum nemendum með þroskahömlun merkilegt að vera háskólanemendur. Mér fannst þessi þáttur einnig koma fram í viðtölum sem ég tók við Andreu og Dóru. Þær sögðust vera ánægðar með skólann sinn, Dóra lýsti þessu með eftirfarandi orðum „*Það er mjög gaman að vera hérna og læra eitthvað nýtt*“ en Andrea greindi frá þessu í stuttu máli „*Það er bara gaman í skólanum.*“ Í ofanefndum rannsóknum kom einnig fram að háskólanám fyrir fólk með þroskahömlun hefur jákvæð áhrif á félagsleg samskipti og leiðir til stærra vinnuhóps nemenda. Þegar við töluðum um félagslega þátttöku, samskipti og félagslíf í háskólanum sagði Andrea „*Það [félagslífið] er bara fínt. Ég reyni náttúrulega að stunda tómsundirnar hjá þeim, árshátíðirnar og eitthvað svona ýmist.*“ Hún sagðist hafa eignast alvöru vini sem hún hittir af og til utan skólans. Dóra hins vegar talaði um það að hún hitti ófatlaða samnemendur aldrei utan skólans, hún sagði „*Það eru bara engin sameiginleg áhugamál.*“ Þetta staðfestir því að félagsleg þátttaka er að hluta til einstaklingsbundin.

Ekki er hægt að yfirfæra niðurstöður rannsóknarinnar á aðra hópa, vegna þess að aðstæður voru einstaklingsbundnar og viðfangsefni skoðuð út frá ákveðnum persónum auk þess að þátttakendur voru fáir. Hér er einnig komið að takmörkum rannsóknarinnar. Ég hefði viljað fylgja diplómanemendunum í lengri tíma og í fleiri námskeiðum og hugsanlega einnig í frítíma eða vettvangsnámi sem þeir stunda út frá háskólanámi sínu. Þar sem ég hafði takmarkaðan tíma, úrræði og vinnugetu gat ég ekki rannsakað alla þessa þætti. Það væri þó fróðlegt og mikilvægt að kanna félagslega þátttöku diplómanemenda innan háskólans nánar til að geta stuðlað betur að fullgildri þátttöku þeirra í háskólaumhverfinu.

Lokaorð

Framkvæmd þessarar rannsóknar hefur verið afar fróðlegt og lærdómsríkt ferli fyrir mig, bæði sem verðandi þroskaþjálfari og sem manneskju. Helsti lærdómurinn sem ég dreg af rannsókninni er sá að fullgild félagsleg þátttaka er réttur allra, en skylda allra er aftur á móti að skapa samfélag sem viðurkennir mannlegan fjölbreytileika og tekur opnum örmum á móti þeim sem vilja vera hluti af því. Sem þroskaþjálfari vil ég hafa að markmiði, að stuðla eftir bestu getu að samfélagsþátttöku og valdeflingu fatlaðs fólks, ég vil hvetja það til þess að upplýsa aðra samfélagsþega um réttindi sín, óskir og þarfir. Ég vona að aukinn sjálfsákvörðunarréttur fatlaðs fólks geri það að verkum að framtíðin hafi upp á jafnari tækifæri að bjóða. Fötlun er hluti af mannlegum fjölbreytileika, eins og önnur persónuleg einkenni, hættum að neita því og mismuna, en sköpum þess í stað samfélag án aðgreiningar fyrir alla þar sem einstaklingar geta fengið þann stuðning sem þeir þurfa.

Heimildaskrá

- Arnett, J.J. (2004). *Emerging Adulthood: The Winding Road from the Late Teens through the Twenties*. London: Oxford University Press.
- Berger, K.S. (2008). *The developing person through the life span* (7.útgáfa). New York: Worth publishers.
- Coleman Brown, L. M. (2010). Stigma: An Enigma Demystified. Í L. Davis (ritstjóri) *Disability studies reader* (bls. 9-28). New York: Routledge.
- Davis, L. (2010). Constructing normalcy. Í L. Davis (ritstjóri) *Disability studies reader* (bls. 9-28). New York: Routledge.
- Esterberg, K. G. (2002). *Qualitative methods in social research*. Boston: McGraw-Hill
- French, S. og Swain, J. (2008). *Understanding disability*. Philadelphia: Elsevier Limited.
- Guðrún V. Stefánsdóttir og Vilborg Jóhannsdóttir (2011). Starfstengt diplómunám fyrir fólk með þroskahömlun. *Netla – vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 5. janúar 2012 af <http://netla.khi.is/greinar/2011/ryn/003.pdf>
- Hall, E. E. (2010). Spaces of social inclusion and belonging for people with intellectual disabilities. *Journal Of Intellectual Disability Research*, 54, 48-57.
- Hanna Björg Sigurjónsdóttir (2006). Valdefling: glíma við margrætt hugtak. Í Rannveig Traustadóttir (ritstjóri), *Fötlun: hugmyndir og aðferðir á nýju fræðasviði* (bls. 66-80). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Hart, D., Grigal, M., Sax, C., Martinez, D. og Will, M. (2006). Post-secondary education options for students with intellectual disabilities. *Res Pract*, 45, 1-4.
- Johnson, A., Mason, H., og Withers, P. (2003). „I might not know what you know but it doesn't mean you can be awful to me“. *British Journal Of Learning Disabilities*, 31(1), 31-36.

- Kvale, S. og Brinkmann, S. (2009). *InterViews: Learning the craft of qualitative research interviewing*. Thousand Oaks: Sage.
- Lilja Össurardóttir (2010). „... ég get það örugglega alveg ...“ *Staða ungra kvenna með þroskahömlun í samfélaginu og sýn þeirra á það að vera fullorðin*. Óútgefin MA-ritgerð.
- Mannréttindaskrifstofa Íslands (e.d.). *Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna*. Sótt 3. apríl 2012 af <http://www.humanrights.is/mannrettindi-og-island/helstu-samningar/sameinudu-thjodirnar/mannrettindayfirlýsing-sth/>
- Nirje, B. (1980). The normalization principle. Í R.J. Flynn og K.E. Nitch (Ritstjórar), *Normalization, social integration, and community service* (bls. 31- 49). Baltimore: University Press.
- O'Brien, P., Shevlin, M., O'Keeffe, M., Fitzgerald, K., Curtis, S. og Kenny, M. (2009). Opening up a whole new world for students with intellectual disabilities with in third level setting. *British Journal of Learning disabilities*, 37(4), 285-292.
- Priestley, M. (2003). *Disabilty: A life course approach*. Malden: Blackwell Publishing Inc.
- Rannveig Traustadóttir (2003). Fötlunarfræði. Sjónarhorn, áherslur og aðferðir á nýju fræðasviði. Í Rannveig Traustadóttir (ritstjóri), *Fötlunarfræði: nýjar íslenskar rannsóknir* (bls. 17- 51). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Rannveig Traustadóttir (2006). Í nýjum fræðaheimi. Upphaf fötlunarfræða og átök ólíkra hugmynda. Í Rannveig Traustadóttir (ritstjóri), *Fötlun: hugmyndir og aðferðir á nýju fræðasviði* (bls. 13-36). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Simpson, G. og Price, V. (2010). From inclusion to exclusion: some unintended consequences of Valuing People. *British Journal of Learning Disabilities*, 38(3), 180-186.

- Sigríður Einarsdóttir (2003). Að vera í sérdeild: átján fyrrum nemendur lýsa reynslu sinni. Í Rannveig Traustadóttir (ritstjóri), *Fötlunarfræði: nýjar íslenskar rannsóknir* (bls. 112-130). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Taylor, S. og Bogdan R.C. (1998). *Introduction to qualitative research methods* (3. útgáfa). New York: John Wiley & Sons.
- UNESCO (1994). *Salamanca-yfirlýsingin um grundvöll, stefnu og framkvæmd í málefnum nemenda með sérþarfir*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Walcott, H.F. (1999). *Ethnography: A way of seeing*. Walnut Creek: Alta Mira Press.
- Velferðarráðuneytið (e.d.). *Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks*. Sótt 23. janúar 2012 af <http://www.velferðarraduneyti.is/utgefid/efni/utgafa/nr/3496>.

Viðauki: Bréf til diplómanemenda

Komið þið sæl.

Rahel More þroskaþjálfanemi á lokári ætlar að vinna lokaverkefni sitt í tengslum við diplómanámið. Verkefnið hennar fjallar um félagslega þátttöku diplómanema innan háskólans. Hún hefur áhuga á fá að koma í tvær heimsóknir í námskeiðið sem þú ert í og fylgjast með hvernig kennslan fer fram og hvernig samskiptin í námskeiðinu eru. Hana langar líka til að fá að fylgjast með nemendum í frímínútum og því sem verið er að gera í háskólanum.

Í þessu bréfi er óskað eftir að þú gefir leyfi til að hún fái að fylgjast með. Svaraðu endilega þessu bréfi og láttu vita hvort það sé í lagi þín vegna að Rahel fylgist með í þessum tímum.

Með von um góðar undirtektir.

Kær kveðja,

Guðrún V. Stefánsdóttir, leiðbeinandi Rahelar